

**Nd.**

**422. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krit, leir, karbíd, bensín, þakhellur, netakúlur og tómar flóskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plóg-

ar, herfi, skóflur, kvíslar, spaðar, steðjar, sleggjur, járnkarlar, ljáblöð, bátavjelar (mótorar), lausar umbúðir, tómir pokar, strigi, mottur, fiskinet, kork, netagarn, tilbúin segl, segldúkur, kaðlar allskonar og færi, olfur í tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolía og bensín, fastur vjelaáburður, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnþípur, gips, hefilspæinir og sag, olíufatnaður, gólfdukar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hér segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en oliufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar batar taldir.

Sjötti liður 1. málsg. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hér segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kilogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlímþípur, leirþípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af pósthöggjum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.